

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 67. stjórnarfundur 19. júní 2008 kl. 16:00 í Hermes á Reyðarfirði, 2. fundur stjórnar á árinu.

Mætt eru: Svanhvít Aradóttir, Þráinn Lárusson, Sigurbjörn Marinósson og Halldóra D. Hafþórsdóttir. Elfa Rúnarsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál
2. ABG-verkefnið
3. Lög um grunn- og leikskóla
4. Önnur mál

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

1. Starfsmannamál.

Ólafía Stefánsdóttir hefur sagt upp störfum. Það er mikil eftirsjá að henni en stjórnin þakkar kærlega fyrir hennar störf og óskar henni alls hins besta.

Halldóra Baldursdóttir mun bæta við sig og verður framvegis í 50% stöðu.

Ásta María Hjaltadóttir úr Fellaskóla verður í 20% stöðu og Björg Þorvaldsdóttir í Nesskóla mun taka að sér sérstök verkefni.

Stjórnin vill bjóða allar þessar konur velkomnar.

2. ABG- verkefnið.

Aðstoð við börn með geðræn vandamál. Er eitt verkefni fyrir allt starfssvæðið. Orri Smáráson hefur verið ráðinn sálfræðingur hjá HSA fyrir þetta verkefni. Samningur um verkefnið verður til þriggja ára. Verður viðbótarþjónusta við það sem er fyrir. Verður væntanlega komið í fullan gang með haustinu.

Skólahjúkrunarfræðingur mun framvegis skrifa undir tilvísanir frá skólunum til Skólaskrifstofu.

Þannig er skólahjúkrunarfræðingur strax kominn inn í mál og upplýsingar um börn liggja fyrir milli þjónustuaðila þegar heimildir eru fyrir því.

3. Lög um grunn- og leikskóla.

Sigurbjörn kynnti ný lög. Fundarmenn ræddu þau, farið var sérstaklega yfir ýmsar breytingar.

4. Önnur mál.

- a) Sigurbjörn kynnti kjarasamninga kennara. Talaði um að þetta væri meiri hækkun en gert var ráð fyrir á fjárhagsáætlun.
- b) Fjögur sumarnámskeið. Kr. 582 þúsund fengust í styrki. Auk þess verða tvö önnur námskeið, Numicon og Vinir Zippys.
- c) Skýrsla frá umboðsmanni barna um skólagöngu barna sem eru í fóstri á vegum sveitarfélaganna, kynnt.
- d) Bréf frá Stóru Upplestrakeppninni. Þeir ætla ekki að halda utan um verkefnið eins og verið hefur. Nú munu Skólaskrifstofur bera ábyrgð á þessu í samstarfi við skólana. Það samþykkt.
- e) Skólaskrifstofan verður lokuð meginhlutann úr júlí vegna sumarleyfa.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:13

Svanhvít Aradóttir (sign)

Þráinn Lárusson (sign)

Halldóra D. Hafþórsdóttir (sign)

Sigurbjörn Marinósson (sign)